

Gjaldskrá fyrir iðjuþjálfun 1. janúar 2018

skv. reglugerð nr. 314/2017

	Sjúkratryggðir almennt (90%)	Aldraðir og öryrkjar (60%)	Börn 0 -18 ára
Iðjuþjálfun á stofu, heimameðferð og þung meðferð*	5.778 kr.	3.852	0
Viðbót vegna skoðunar	6.244 kr.	4.162	0
Einföld meðferð ** / Hópmeðferð I ***	3.991 kr.	2.661	0
Hópmeðferð II ****	2.669 kr.	1.779	0

*Þung meðferð: Átt er við meðferð sjúklinga með útbreidd eða flókin vandamál sem eru mun umfangsmeiri en í almennri meðferð. Þetta á við um einstaklinga sem eru með miklar og útbreiddar hreyfiskerðingar og eru verulega háðir aðstoð við hreyfingar og flestar athafnir í daglegu lífi. Til dæmis mikið andlega- eða líkamlega fatlaða einstaklinga, einstaklinga með fjölværka sem valda verulegri hreyfi- og færniskerðingu og þá sem orðið hafa fyrir skaða á miðtaugakerfi sem veldur útbreiddri hreyfi- og færniskerðingu.

** Einföld meðferð: Notuð er ein tegund meðferðarforms þar sem leitast er við að beita gagnreyndri vitneskju á aðferðum innan iðjuþjálfunar. Gildir einnig fyrir börn yngri en 12 ára

*** Hópmeðferð I: Tveir til fjórir einstaklingar, með svipuð vandamál eða sömu sjúkdómsgreiningu eru í þjálfun samtímis og skal iðjuþjálfari vera með þeim allan tímann.

**** Hópmeðferð II: Fimm eða fleiri einstaklingar, með svipuð vandamál eða sömu sjúkdómsgreiningu en þó aldrei fleiri en 10, eru í þjálfun samtímis og skal iðjuþjálfari vera með þeim allan tímann.

ATH: Einföld meðferð og hópmeðferð telst sem hálf meðferð af heimild

Sjúkratryggðir almennt greiða 90% af heildargjaldi gegn framvísun beiðni um iðjuþjálfun. Í almanaksmánuði greiðir sjúkratryggður að hámarki kr.24.600 fyrir heilbrigðisþjónustu, en í hverjum mánuði að lágmarki kr. 4.100.

Aldraðir og öryrkjar greiða 60% af heildargjaldi gegn framvísun beiðni um iðjuþjálfun. Í almanaksmánuði greiða aldraðir og öryrkjar að hámarki kr. 16.400 fyrir heilbrigðisþjónustu en að lágmarki kr.2.733.

Börn 0-18 ára greiða ekkert gjald fyrir iðjuþjálfun gegn framvísun beiðni um iðjuþjálfun, annars greiða þau 30% af heildargjaldi.

Börn með sama fjölskyldunúmer teljast sem einn einstaklingur og greiða börn sömu fjölskyldu kr. 16.400 fyrir heilbrigðisþjónustu að hámarki í hverjum almanaksmánuði og kr.2.733 að lágmarki.